

Vinsamlegast geymið
handbókina

Flokkunarhandbók

Leiðbeiningar um flokkun og frágang sorps í
Grundarfirði 2011



Grundarfjarðarbær



Íslenska Gámafélagið

Við hugsum áður en við hendum

- Græna tunnan - Endurvinnanlegur úrgangur
- Brúna tunnan - Lífrænn úrgangur
- Gráa tunnan - Almennt sorp



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Ávarp bæjarstjóra.....	4
Almennar upplýsingar.....	5
Skref til framtíðar.....	6
Hugmynd að tunnuskýlum.....	6
Tunnufestingar.....	6
Að byrja að flokka.....	8
Hvers vegna að endurvinna?.....	9
Flokkun sorps.....	10
Helstu sorpflokkar.....	12
Gráa tunna - almennt heimilissorp.....	15
Brúna tunnan - lífrænn eldhúsúrgangur.....	15 - 16
Græna tunnan - endurvinnanlegt.....	17
Plastumbúðir.....	18
Bylgjupappi.....	18
Fernur og umbúðir úr sléttum pappa.....	19
Málmhlutir.....	19
Dagblöð og tímarit.....	20
Almennt sorp.....	20
Gámasvæði.....	21
Rúllubaggaplast.....	22
Sorphirðudagatal.....	23



Formáli

Á vordögum var undirritaður viðauki við samning á milli Grundarfjarðarbæjar og Íslenska Gámafélagsins um flokkun sorps og jarðgerð á lífrænum úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu. Með samþykkt viðaukans er bæjarbúum gefinn kostur á að hefja flokkun sorps. Er þetta í fullu samræmi við stefnu bæjarins í umhverfismálum.

Það er stefna Grundarfjarðarbæjar að minnka úrgangsmyndun í sveitarfélaginu og draga úr magni sorps sem fer til urðunar. Flokkun sorps verði eflað og endurnýting og endurvinnsla aukin.

Hægt er að draga úr urðun um 60-80% með því að flokka sorp sem fellur til á heimilum. Með þriggja tunnu kerfi gefst íbúum Grundarfjarðarbæjar kostur á að flokka sitt sorp í þrjár mismunandi tunnur.

Verkefnið felst í því að við hvert heimili verði framvegis þrjár tunnur; græn, brún og grá.

- **Græna tunnan** er ætluð fyrir endurvinnanlegan úrgang, svo sem pappa, pappír, fernur, plast og minni málmhluti. Innihaldið verður síðan flokkað frekar og sent til endurvinnslu.
- **Brúna tunnan** er fyrir lífrænan úrgang sem fellur til á heimilum, sem Íslenska Gámafélagið mun sjá um að umbreyta í næringarríka moltu.
- **Gráa tunnan** er fyrir heimilissorp sem hvorki er endurvinnanlegt né jarðgeranlegt. Það sem endar í gráu tunnunni er eina sorp heimilisins sem sent verður í urðun.

Íslenska Gámafélagið mun sjá um framkvæmd verkefnisins og fræðslu til íbúa og er handbók þessi liður í þeirri fræðslu. Hvert heimili verður heimsótt og framkvæmdin kynnt. Lagt verður allt kapp á að leysa þau vandamál sem upp kunna að koma í samvinnu við íbúa Grundarfjarðarbæjar.

Kveðja, starfsfólk Íslenska Gámafélagsins



Fernur og sléttur pappi tilbúið til endurvinnslu



Hart plast tilbúið til endurvinnslu



Mjúkt plast tilbúið til endurvinnslu



Ávarp bæjarstjóra

Nýtt fyrirkomulag í sorpflokkun mun taka gildi í byrjun júní næstkomandi. Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar í apríl 2011 var samþykkt að taka upp aukna sorpflokkun í sveitarfélaginu og vikka þannig út samning við Íslenska gámafélagið sem hefur séð um sorphirðu í sveitarfélaginu.

Grundarfjarðarbær, ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, hafa verið í fararbroddi í umhverfismálum á undanförunum árum. Það skiptir miklu máli, því það eru mikil verðmæti fölgin í góðri umgengni og meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála. Með þessu skrefi sem nú hefur verið stigið eru Grundfirðingar að uppfylla markmið sem unnið hefur verið eftir í umhverfismálum allt frá því að undirbúningur að Green Globe verkefninu hófst árið 2002. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru þau fyrstu í Evrópu til að fá umhverfissvottun og tóku forystu meðal sveitarfélaga á Íslandi á leiðinni að sjálfbærri þróun.

Sjálfbær þróun er sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar, án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Auðlindir heimsins eru ekki óþrjótandi og í sorpi eru fölgin verðmæti sem mikilvægt er að nýta. Ávinningur af flokkun heimilissorps er ótvíræður, m.a. sá að nýta dýrmætan urðunarstað lengur og endurvinnsla er ódýrari en frumvinnsla. Kostnaður við urðun sorps fer hækkandi og því er mikilvægt að draga úr urðun svo sem kostur er. Árið 2006 var opnuð ný og fullkomin gámostöð í Grundarfirði sem gerbreytti möguleikum til flokkunar sorps. Nú er gengið enn lengra og er íbúum gefinn kostur á að flokka allt sorph frá heimilum í þrjár tunnur. Flokkað sorph fer til endurvinnslu, lífrænt sorph fer í moltugerð og almennt sorph fer til urðunar. Markmiðið er að draga úr urðun lífræns sorps í samræmi við reglugerð um meðhöndlun úrgangs og alþjóðlegar viðmiðanir.

Umhverfisvernd og ábyrg umgengni um náttúruna varðar okkur öll. Neysluþjófðfélag nútímans kallar á markvissari lausnir í umhverfismálum en áður. Flokkun sorps er ekki flókin og mikilvægt er að viðtæk þátttaka verði meðal íbúa svo að vel megi til takast, okkur öllum til hagsbóta í nútíð og framtíð.

Björn Steinar Pálmason
bæjarstjóri



Almennar upplýsingar

Íbúar Grundarfjarðar voru 903 talsins þann 1. janúar 2011 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Grundarfjörður er miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi, og skartar glæstri náttúru. Bærinn er innst í firði, umlukinn tignarlegum fjöllum og ber þar af hið sérstæða og fallega Kirkjufell.

Bærinn er einkar fallegur og hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi. Grundarfjörður hefur, ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, hlotið hina alþjóðlegu Earthcheck umhverfisvottun.

Staðsetning á skrifstofum Grundarfjarðarbæjar

Skrifstofa Grundarfjarðar
Grundargötu 30
350 Grundarfirði
Opnunartími: 10:00 - 14:00
Sími: 430-8500
Heimasíða: www.grundarfjordur.is
Veffang: grundarfjordur@grundarfjordur.is



Bæjarstjóri: Björn Steinar Pálmason

Umsjón með gerð handbókar

Íslenska Gámafélagið ehf.
Gufunesi
112 Reykjavík
Sími: 577 5757
Fax: 577 5758
Skrifstofa og sími eru opin frá 08:00—17:00.
Um helgar er opið fyrir vaktsíma 840-5757



Heimasíða: <http://www.igf.is>
Netfang: igf@igf.is
Umhverfis- og ráðgjafasvið: umhverfisvid@igf.is

Hægt er að hafa samband við ráðgjafa Íslenska Gámafélagsins á skrifstofutíma. Einnig má senda póst á umhverfis- og ráðgjafasvið.



Skref til framtíðar

Með handbókinni er leitast við að skipuleggja og skilgreina flokkun sorps í Grundarfjarðarbæ. Með fræðslu um flokkunarmál og sorphirðu er notendum gert kleift að auka þekkingu og færni í átt til vistvænni vega og taka þátt í að leggja hönd á plóg í átt að vistvænu samfélagi. Með flokkun er unnt að endurvinnna mikinn hluta sorpsins eins og fram kemur á næstu síðum þessa rits. Með því að flokka sorpið minnkum við rúmmál þess úrgangs sem fer til urðunar auk þess að stuðla að aukinni endurvinnslu t.d. á pappír, pappa, málmum o.fl.

Sorphirðuhandbókin er ætluð til að auðvelda íbúum sveitarfélagsins til að taka virkan þátt í umhverfismálum Grundarfjarðarbæjar.

Hugmynd að tunnuskýlum



Þar sem þrjár tunnur verða nú við hvert heimili í Grundarfirði er æskilegt að huga að staðsetningu þeirra. Eins og áður er íbúum ekki skylt að hafa tunnur í skýlum en þó þarf að gæta þess að tunnurnar séu í skjóli svo ekki sé hætt á að þær fjúki og valdi skemmdum á verðmætum. Einnig þarf staðsetningu á tunnunum að vera sem þægilegust, bæði fyrir heimilisfólk og þá sem sækja og losa tunnurnar. Hugmyndir að tunnuskýlum er hægt að nálgast á heimasíðunni www.flokkarinn.is. Þar er m.a. er listi yfir efni sem þarf í skýlið á þessari mynd.

Tunnufestingar

Fyrir þá sem ekki vilja fara út í framkvæmdir á tunnuskýlum eru tunnufestingar úr málmni góður kostur. Slíkar festingar er hægt að fá í flestum byggingavöruslunum. Einnig hafa málmsmiðir víða um land tekið að sér að smíða slíkar festingar.



Suða Grundarfirði



BM-Vallá Borgarnesi



Lausnir fyrir flokkun

Flokkunarílát

Þegar fólk hyggst hefja flokkun sorps til endurvinnslu koma oft upp vandamál við að finna hentug ílát undir úrganginn. Til að flokkunin verði einföld og þægileg í framkvæmd er best að hafa ílát við höndina fyrir hvern flokk. Síðustu misseri hefur



úrval af slíkum ílátum fyrir heimili aukist mikið. Íslenska Gámafélagið flytur inn og selur flokkunarílát, en auk þess bjóða flest fyrirtæki sem selja innréttingar í eldhús upp á lausnir fyrir flokkun sorps. Meðfylgjandi myndir eru af lausnum sem hægt er að fá hjá Íslenska Gámafélaginu og IKEA.

Lífrænn úrgangur

Hjá Íslenska Gámafélaginu má fá hentugar körfur og poka fyrir lífrænan úrgang. Þessar körfur eru litlar og meðfærilegar og komast auðveldlega í skápa undir eldhúsvaskinum. Mikilvægt er að lífræni úrgangurinn fari eingöngu í máispoka, sem eru framleiddir úr máissterkju og eru niðurbrotanlegir. Þeir brotna því auðveldlega niður við jarðgerð.



Aðrir flokkar



Það hráefni sem fer í Grænu tunnuna er hreint hráefni, þ.e. laust við matarleifar og annað sem veldur lyktarmengun og því er í lagi að safna því hráefni saman annars staðar en í eldhúsinnréttingunni, sé ekki pláss þar. Meðfylgjandi myndir af flokkunarkössum frá IKEA og Íslenska Gámafélaginu geta gefið hugmyndir um hvernig geyma má flokkana sem fara í Grænu tunnuna. Einfalt er að hafa glæra poka í kössunum



og því er þægilegt og hreinlegt að taka pokann úr, binda fyrir og setja í Grænu tunnuna. Ílátum sem þessum má koma fyrir í þvottahúsum, geymslum eða bílskúrum.

Hugmyndir af ílátum er hægt að finna á <http://fenur.is/user/pictures/0/43/49/>



Að byrja að flokka

Eitt af þeim markmiðum sem hver og einn ætti að setja sér er að minnka umfang heimilis- og/eða fyrirtækjasorps og flokka. Hér eru nokkur góð ráð fyrir þá sem eru að hefja sorpflokkun:

- Að velja fjölnota vörur í stað einnota er liður í því að minnka umfang þeirra hluta sem við hendum.
- Að minnka umbúðanotkun eins og kostur er. Hægt er að kaupa stærri umbúðir, hafa þær fjölnota o.s.frv.
- Að endurvinnna lífrænan úrgang með moltugerð. Allt að 30 - 35% heimilissorps er lífrænn úrgangur sem má endurvinna með moltugerð og nýta við uppgræðslu og gróðursetningu.
- Rétt er að koma spilliefnum á rétta staði, t.d. með því að skila útrunnum lyfjum til apóteka, skila rafhlöðum á söfnunarstaði og skila öðrum spilliefnum á sorpstöðvar til eyðingar.
- Minnkum pappirsflóðið með því að flokka og skila pappír svo hægt sé að endurvinna hann.
- Á undanförunum árum hefur hlutfall pappa sem sendur er til endurvinnslu aukist gífurlega. Af þeim u.þ.b. 17.000 tonnnum af pappa sem féll til árið 2009 fóru um 8.160 tonn til endurvinnslu á landinu. Þetta hlutfall má auka enn frekar með aukinni þekkingu íbúa landsins á mikilvægi flokkunar og endurvinnslu.
- Málmhlutir frá heimilum eru margvíslegir. Mikilvægt er að endurvinna málmá því minnka má rúmmál sorps með því að endurnýta þennan verðmæta flokk.

Með flokkun stuðlum við að hringrás hráefna...



Endurrunnir málmur



Endurrunnið plast




Endurrunnin dagblöð



Landgræðsla með moltu

Með flokkun má minnka rúmmál þess sorps sem fer til urðunar um allt að 80%.

Hvers vegna að endurvinnna?



Að búa til hringrás hráefna

Markmiðið með endurvinnslu er að til verði hringrás. Hringrásin miðar að því að frumvinnsla á hráefnum minnki. Með því að draga úr frumvinnslu hráefna minnkar álag á auðlindir jarðar. Því til viðbótar dregur úr því magni sorps sem þarf að urða.

Með því að endurvinnna getum við nýtt hráefnin aftur og búið til hringrás hráefna. Ef þú flokkar í Grænu tunnu Íslenska Gámafélagsins stuðlar þú að aukinni hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré.

Árið 2011 sendi Íslenska Gámafélagið frá sér pappír til endurvinnslu sem jafngildir því að fella þyrfti 119.000 fullvaxin tré ef frumvinna þyrfti hráefnið. Á þessum tölum má sjá að til einhvers er að vinna með endurvinnslu, bæði fyrir náttúruna og okkur sjálf.

Árið 2010 sendi Íslenska Gámafélagið frá sér pappír til endurvinnslu sem jafngildir því að fella þyrfti 119.000 fullvaxin tré ef frumvinna þyrfti hráefnið.

Flokkun sorps

Flokkun sorps er forsenda endurnýtingar og endurvinnslu. Með flokkun má minnka það magn sem fer til urðunar til mikilla muna og sparast þá urðunarkostnaður og nýtingartími urðunarstaða lengist. Hér á eftir eru almennar upplýsingar um þá sorpflokka sem boðið er upp á að flokka. Meðfylgjandi greining og lýsing á núverandi flokkum getur tekið breytingum án fyrirvara, í samræmi við lög og reglur sem í gildi eru hverju sinni.

Helstu sorpflokkar



Heimilissorp í Grundarfirði verður flokkað í þrjár tunnur:

Brúna tunnan - Lífrænn úrgangur

Græna tunnan - Endurvinnanlegur úrgangur

Gráa tunnan - Almennt sorp

Nánari upplýsingar um tunnurnar, flokkun í þær og losun má finna á næstu síðum en í þær má setja eftirfarandi sorpflokka:

-
-  Almennt sorp
 -  Lífrænt sorp
 -  Bylgjupappi
 -  Sléttur pappi
 -  Dagblöð og tímarit
 -  Skrifstofupappír
 -  Málmar
 -  Plastumbúðir



Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

FLOKKUNARTAFLA

GRÆNA TUNNAN

Flokkur	Hvað tilheyrir flokknum	Frágangur
 <p>Bylgjupappi</p>	<p>Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pízzukassar.</p>	<p>Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. Má fara beint í Grænu tunnuna, án umbúða.</p>
 <p>Dagblöð/tímarit</p>	<p>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar prentpappír.</p>	<p>Beint í Grænu tunnuna, án umbúða.</p>
 <p>Fernur/sléttur pappi</p>	<p>Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.</p>	<p>Fjarlægja matarleifar og skola fernur. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka eða í t.d. fernu sem fyllt er með mörgum fernum.</p>
 <p>Plast</p>	<p>  Allar plastumbúðir með þessum merkingum. EKKI FRAUDPLAST </p>	<p>Fjarlægja matar- og efnaleifar. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka.</p>
 <p>Málmar</p>	<p>Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkuok og sprittkertakoppar.</p>	<p>Fjarlægja matarleifar. Fer í Grænu tunnuna í glærum plastpoka.</p>

Óendurvinnanlegur úrgangur fer í **Gráu tunnuna**. Dæmi: Gler, ryksugupokar, bleiur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni, umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.

FLOKKUNARTAFLA

BRÚNA TUNNAN



Lífrænt heimilissorp

Í **Brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í **jarðgerðarpoka** (maíspokann) áður en hann er settur í tunnuna.

Dæmi um það sem fer í **Brúnu tunnuna**:



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjöt



Pasta



Tannstönglar



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Kartöflur

Stór bein, t.d. bein af lambalæri, jarðgerast mjög hægt, því er æskilegt að þau fari í Gráú tunnuna.

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!




Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

Grá tunna - Almennt heimilissorp



Almennt heimilissorp

Almennt sorp er í raun blandaður úrgangur frá fyrirtækjum og heimilum. Þetta er að mestu úrgangur sem ekki getur flokkast í skilgreindan endurvinnsluferil og er þar af leiðandi óendurvinnanlegur. **Dæmi um almennt sorp frá heimilum er t.d. gler, bleiur, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.**



Almennt heimilissorp er sett í Gráu tunnuna en hún er losuð einu sinni í mánuði.

Nákvæmar dagsetningar má finna á sorphirðudagatali aftur í þessu riti sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Brúna tunna - lífrænn eldhúsúrgangur



Lífrænt heimilissorp

Hluti af því sorpi sem fellur til á heimilum er lífrænn úrgangur. Lífrænn úrgangur er sá úrgangur sem er niðurbjótanlegur af örverum (með eða án tilkomu súrefnis) t.d. matarleifar. Lífrænan úrgangur er hægt að breyta í jarðvegsbæti eða moltu með jarðgerð. Jarðgerðin felst í því að lífrænum eldhús- og garðaúrgangi er blandað saman í ákveðnum hlutföllum í jarðgerðarvél sem umbreytir úrganginum í fyrirtaks áburð eða næringarríkan jarðveg. Afurðin er nefnd *jarðvegsbætur og/eða molta*.



Moltan hefur ýmsa kosti framyfir önnur efni sem notuð eru til áburðar og jarðvegsbóta. Góð molta er rík af næringarefnum og ákjósanlegum örverum sem bæta eðliseiginleika jarðvegs og draga úr sjúkdómahættu hjá plöntunum. Hún er mjög rík af moldarefni (humus), sem eykur heldni jarðvegsins á næringarefnum, og hún hefur einnig ákjósanlega rafleiðnieiginleika, er laus við illgresisfræ og virkar sem köfnunarefnisforði (tregleysanlegur köfnunarefnisáburður).



Brúna tunna - lífrænn eldhúsúrgangur

Í **Brúnu tunnuna** má setja alla matarafanga úr eldhúsinu s.s:



Ávexti



Grænmeti



Kjöt og fisk



Eggjaskurn



Brauð



Hrísgrjón



Kaffikorgur



Ostur

Einnig má setja í brúnu tunnuna annan lífrænan heimilisúrgang eins og: tepoka, pasta og eldhússpappír sem notaður hefur verið til að þurrka upp matvæli.



Lífrænn úrgangur losaður og hráefnunum mokað í jarðgerðarvél!



Hráefnið jarðgerist í vélinni og hrámoltan er tilbúin eftir 2 vikur

Íbúar Grundarfjarðar setja allar matarleifar í jarðgerðarpokana (Maíspoka) sem fást m.a. hjá Íslenska Gámafélaginu og helstu matvöruverslunum á svæðinu. Þegar pokinn er orðinn fullur er bundið fyrir og hann settur í Brúnu tunnuna. Íslenska Gámafélagið losar Brúnu tunnuna á fjórtán daga fresti yfir sumartímann en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og jarðgerir úrganginn í jarðgerðarvél. Afurðin er nýtt til uppgæðslu í sveitarfélaginu.

Græna tunnan - Endurvinnanlegt



Endurvinnanlegt sorp - Græna tunnan

Grundarfjörður útvegar öllum íbúum sveitarfélagsins Græna tunnuna undir þann hluta heimilissorpsins sem er endurvinnanlegur.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

Nánari útskýringar á því sorpi sem fer í Grænu tunnuna er að finna í leiðbeiningum í miðju handbókarinnar og svo á www.flokkarinn.is.

Það sem fer í Grænu tunnuna er eftirfarandi:



Dagblöð	—	Beint í tunnuna
Tímarit	—	Beint í tunnuna
Bæklingar	—	Beint í tunnuna
Skrifstofupappír	—	Beint í tunnuna
Bylgjupappi	—	Beint í tunnuna
Fernur/Sléttur pappi	—	Í glærum poka*
Plastumbúðir	—	Í glærum poka
Minni málmhlutir	—	Í glærum poka

Hreinsið umbúðir vel og skolið fernur

- ATH -

Rafhlöður og gler má ekki setja í Grænu tunnuna heldur skila á gámasvæði.

* Sé t.d. ferna fyllt með samanbrotnum fernum/sléttum pappa má spara pokann og setja þær beint í tunnuna.

Með því að flokka heimilissorp minnkar þú rúmmál þess sorps sem þarf að urða. Það sparar landrými á urðunarstöðum umtalsvert. Niðurbrot er afar hægt við aðstæður eins og eru á Íslandi. Einnig er vert að líta til þess hversu miklu munar í orkusparnaði, efniskostnaði o.fl. þáttum í endurvinnslu, t.d. á málmum og pappír. Með því að flokka sorp leggur þú þitt af mörkum. Þannig getum við skilað landinu hreinu og fallegu til komandi kynslóða.



Plastumbúðir

Mikið fellur til af allskyns plastumbúðum á heimilum sem geta verið mjög fyrirferðamiklar. Stór hluti allra plastumbúða er endurvinnanlegur og mega því fara í Grænu tunnuna. Þessum flokki tilheyra t.d. sjampóbrúsar, tómatsósufloskur, ýmsir plastbakkar undan matvörum, plastílát undan mjólkurdrykkjum, hreinsiefnum o.fl. Einnig tilheyrir flokknum allt mjúkt plast; plastpokar, plastfilma og ýmsar umbúðir.

Í glærum poka



Þessi flokkur má fara saman í glærum poka í Grænu tunnuna. Umbúðirnar þurfa að vera tómar og án allra aðskotahluta, s.s. matar- eða efnaleifa (límmiða þarf ekki að taka af). Umbúðir sem eru að hluta úr plasti og að hluta úr öðru efnum fara í almennt sorp nema hægt sé að aðskilja efnin, en þá er þeim skilað hverju fyrir sig í sinn flokk.



Plast er hægt að endurvinna á fjölmargan hátt. Úr því má gera nýja hluti úr plastefnum eins og rör, vegstikur, plastílát og margt fleira.

Athugið að frauðplast er ekki endurvinnanlegt og ætti að fara í Gráu tunnuna.



Bylgjupappi

Í þennan flokk má setja allan bylgjupappa, t.d. pappakassa og pitsukassa. Bylgjupappa er hægt að þekkja af bylgjum sem sjást ef brúnir hans eru skoðaðar. Það er í lagi að bylgjupappinn sé áprentaður, plathúðaður og litsterkur. Bylgjupappinn verður að vera laus við matarleifar og aðra aðskotahluti.

Beint í tunnuna



ATH - Allur annar pappi, t.d. morgunkornspakkar, skókassar, eggjabakkar, fernur og ýmsar umbúðir undan matvælum, fara ekki með bylgjupappa. Þær umbúðir eru úr sléttum pappa (sjá næsta kafla).

Bylgjupappa má setja beint í Grænu tunnuna.

Þegar mikið fellur til af bylgjupappa á heimilum, eins og t.d. þegar keypt eru ný húsgögn, þá er best að fara með pappann á gámasvæði sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að Græna tunnun fyllist.



Íslenska Gámafélagið sendir bylgjupappann til endurvinnslu erlendis.



Fernur og sléttur pappi

Töluvert magn af fernum og umbúðum úr sléttum pappi falla til á flestum heimilum. Þetta eru umbúðir utan af morgunkorni, ýmsum skyndiréttum, kexi, þvottefni og óteljandi öðrum vörum. Slíkar umbúðir eru fljótar að fylla hjá okkur ruslaföturnar enda oft plássfrekar.



Það má flokka allar umbúðir úr sléttum pappi í einn flokk og setja t.d. fernur, morgunkornspakka og aðrar slíkar umbúðir úr pappír eða kartoni í Grænu tunnuna. Hráefnið þarf hins vegar að vera ómengað af öðrum efnum til þess að hægt sé að endurvinna það.

Þess vegna er mikilvægt að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera innan í umbúðum. Fernur er æskilegt að skola til að forðast lykt og brjóta svo allar umbúðir saman svo þær taki minna pláss. Setja ætti fernurnar hverja ofan í aðra til að minnka pláss og svo auðveldara sé að flokka þær til endurvinnslu.



Mikilvægt er að fernum séu brotnar saman hver ofan í aðra í Grænu tunnuna til að auðvelda flokkun í Flokkunarstöð.



Málmhlutir

Margskonar smáhlutir úr málmum falla til á heimilum, t.d. niðursuðudósir, álpappír, málmur utan um sprittkerti og málmlok af krukkum o.fl. Alla þessa smáu málmhluti má setja í Grænu tunnuna. Niðursuðudósir skal skola áður en þeim er skilað til endurvinnslu. Álpappír og umbúðir skulu vera án matarleifa. Þessir málmhlutir fara í glærum plastpokum í Grænu tunnuna.

Í glærum poka



Málmur ætti ekki að fara með almennu sorpi þar sem um er að ræða verðmætt hráefni. Stærri málmhlutum má skila í gáma á gámasvæðum.

Hvað er gert við hráefnið?

Málmur er fluttur til brotamálmfyrirtækja þar sem hann er flokkaður og pressaður og því næst fluttur út til bræðslu og endurvinnslu.

Við endurvinnslu á áli eru aðeins notuð 5% af þeirri orku sem annars þyrfti til framleiðslu á áli.



Dagblöð og tímarit

Dagblöð, tímarit og hvítur pappír. **Beint í tunnuna**

Dagblöð, tímarit og annan prentpappír ætti aldrei að setja með almennu sorpi. Dagblöð og tímarit eru ekki rusl heldur endurvinnanlegt hráefni. Íslenska Gámafélagið meðhöndlar þetta hráefni á svipaðan hátt og pappann hér að framan og er það flutt erlendis til endurvinnslu. Þennan flokk má setja beint í Grænu tunnuna.



Að endurvinna pappír er mjög umhverfisvænt. Fyrir hvert tonn af pappír sem settur er í endurvinnslu sparast allt að 3m³ í landfyllingu. Einnig sparast um 17 tré fyrir hvert tonn af pappír sem er endurunninn og um helmingur þeirrar orku sem þarf til að frumvinna pappírinn.



Hvað er gert við hráefnið?

Vörur sem við fáum úr endurunnum pappír: dagblaðapappír, klósettappír, eldhúspappír og eggjabakkar.


Með því að endurvinna pappírinn spörum við auðlindir eins og tré, orku og vatn. Ásamt því drögum við verulega úr loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda.



Almennt heimilissorp

Almennt sorp - Gráa tunnann

Það sorp sem hvorki er endurvinnanlegt né jarðgeranlegt flokkast sem almennt sorp. Dæmi um almennt sorp frá heimilum er t.d. gler, bleyjur, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.



Almennt heimilissorp er sett í Gráu tunnuna en hún er losuð á fjögurra vikna fresti. Nákvæmar dagsetningar má finna á sorphirðudagatali aftar í þessu riti, á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar og á www.flokkarinn.is.

Innihald Gráu tunnunnar er eina sorpið sem fer til urðunar. Tilgangur verkefnisins er m.a. að draga úr magni þessa flokks.

Gámasvæði



Á Gámaplaninu verður tekið á móti eftirfarandi flokkum. Hafa ber í huga að flokka ætti úrganginn áður en komið er á móttökustöð til að lágmarka kostnað við förgun. Gjaldfrjálsir* flokkar eru merktir. ✓



* Gjaldskylda getur fallið niður eða fallið á flokka eftir breytingum á samþykktum sveitarfélagsins.

Rúllubaggaplast



Á sveitabæjum fellur til umtalsvert af rúlluplasti. Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs (nr. 737/2003) er urðun á plasti og brennsla heima á bæjum með öllu óheimil og því getur verið erfitt og tímafrekt fyrir bændur að losa sig við plastið. Til að auðvelda bændum að halda umhverfi sínu snyrtilegu býður Íslenska Gámafélagið upp á þá þjónustu að sækja rúllubaggaplast heim til bænda þeim að kostnaðarlausu. Plastinu er komið til endurvinnslu á Íslandi þar sem er framleitt hráefni til framleiðslu á nýjum plastvörum.



Endurunnið rúlluplast tilbúið til vinnslu.

Til að rúllubaggaplast teljist endurvinnsluhæft þarf plastið að vera eins hreint og kostur er og laust við aðskotahluti. Einnig er mikilvægt að blanda ekki öðru plasti saman við rúlluplastið. Baggabönd og net mega ekki fara saman við þar sem þau eru úr öðru og ólíku efni. Vinsamlegast setjið plastið ekki í áburðarsekki því það getur valdið vandræðum við hirðingu plastsins.

Auglýst verður áður en hreinsun fer fram og bændum gefst kostur á að panta sér losun.

Gott er að hafa eftirfarandi atriði í huga við frágang plastsins:

- Hristið hey úr plastinu.
- Plastið skal vera laust við aðskotahluti s.s. baggabönd, snæri, net og annað slíkt. Það má setja með almennu sorpi.
- Þjappið plastinu saman í viðráðanlegar einingar.
- Geymið plastið á þurrum og skjólgóðum stað.

Sorphirðudagatal 2011

Losun heimilissorps í Grundarfirði fer fram á eftirfarandi dögum:



maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						


ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31



GRÁ TUNNA

GRÆN TUNNA

BRÚN TUNNA



Athugið að losun getur tafist vegna óviðráðanlegra aðstæðna t.d. veðurs. Þá verður losað strax og kostur er. Ekki verður auglýst sérstaklega vegna þessa.



- fræðslusíða um endurvinnslumál



...vissir þú að endurvinnsla áls þarfnast einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls !

...vissir þú að fyrir hvert tonn af pappír sem er endurunnið sparast 17 tré !



...vissir þú að það krefst 60% minni orku að endurvinna pappír en að frumvinna hann!

...vissir þú að endurvinnsla á einni áldós sparar rafmagn sem dugar fyrir sjónvarp í allt að 3 klukkustundir !



...Vissir þú að 30-35% af sorpi heimilisins er lífrænn úrgangur sem hægt er að endurvinna?

Flokkarinn.is